



## Júdóþing, 20. maí 2017

### 1. Þingsetning

Jóhann Másson setur þing.

### 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Samkvæmt tillögum formanns.

Fundarstjóri, Haraldur Baldursson, Samþykkt

Fundarritari, Birkir Hrafn Jóakimsson, Samþykkt

Starfsmenn taka til starfa.

### 3. Kosin kjörbréfanefnd

Tillaga stjórnar, Hans Rúnar Snorrason, Bjarni Friðriksson og Tryggvi Gunnarsson.  
Samþykkt einróma.

Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu:

11 félög hafa atkvæði, 10 mættu með kjörbréf, 21 atkvæði á þinginu

Öll kjörbréf gild

### 4. Kosnar fastar nefndir:

#### a) Fjárhagsnefnd

Tillaga stjórnar eru Kristján Daðason, Einar Örn Hreinsson og Gunnar Jóhannesson.

Samþykkt skv. tillögu

#### b) Laga- og leikreglanefnd

Tillaga stjórnar eru Bjarni Friðriksson, Tryggvi Gunnarsson og Arnar Már Jónsson.

Samþykkt skv. tillögu

#### c) Allsherjarnefnd

Tillaga stjórnar eru Hans Rúnar Snorrason, Magnús Hauksson og Gísli Vilborgarson.

Samþykkt skv. tillögu

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

JM tekur til máls. Sjá nánar ársskýrslu JSÍ.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar.

KD tekur til máls og kynnir ársreikning JSÍ. Sjá nánar ársskýrslu JSÍ. Ársreikningur borinn upp til samþykktar, samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

7. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

JM leggur fram fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun send til umfjöllunar í fjárhagsnefnd.

8. Hafsteinn Pálsson flytur erindi frá ÍSÍ. Þakkar fyrir gott samstarf. Fór yfir kosningar á ÍSÍ þingi og störf þingsins, þá sérstaklega afreksstarf. Hafsteinn talaði um mikilvægi faglegrar vinnu við afreksmál. Nefndi aukin verkefni ÍSÍ, t.d. vegna fleiri verkefna á vegum Alþjóða Ólympíunefndarinnar sem ÍSÍ er gert skylt að taka þátt í. Hjólað í vinnuna bar á góma hjá Hafsteini. Óskaði JSÍ til hamingju með góðan rekstur síðasta árs.

9. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar, sem fram hafa komið

Engar tillögur bárust.

10. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

Engin mál eða tillögur bárust stjórn.

-Þinghlé-

11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

- a) Fjárhagsnefnd

Engar tillögur né breytingar á fjárhagsáætlun frá nefnd. Lagt til frekari vinnu innan komandi stjórnar, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Spurt um ferða og keppnisstyrki, svarað að nánast sé þetta óbreytt frá í fyrra.

- b) Laga- og leikreglnanefnd

Lagt er til að skipuð verði milli þingnefnd til að yfirfara gráðureglur JSÍ. Nefndin komi með tillögur þar að lútandi og stuðst verði við reglur nágrannalanda. Tillögur nefndarinnar verði svo lagðar fyrir formannafund haustið 2017 sem fær umboð þessa þings til ákvörðunar. Tillögurnar verða birtar á heimasíðu JSÍ tveim vikum fyrir formanna fundinn. Verði tillögurnar

samþykktar taka þær strax gildi. Formenn eða umboðsmenn þeirra hafa ákvörðunarrétt á fundinum.

Lagt er til að Adam Brands Þórarinsson, Bjarni Ásgeir Friðriksson, Jón Kristinn Sigurðsson og Tryggvi Þór Gunnarsson verði skipaðir í nefndina.

Tillögu Laga- og leikreglnanefnd má sjá aftast í fundargerð undir heitinu *Þingsskjal 1* ásamt greinargerð.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

c) Allsherjarnefnd

Hans Rúnar tekur til máls fyrir hönd allsherjarnefndar. Leggja til aukin sýnileika móta þ.a. það sjáist að júdó sé í gangi á keppnisstað. Vilja sjá beinar útsendingar á netinu frá mótum, helst með lýsingu á því sem er að gerast. Töluverðar umræður fóru í gang um beinar útsendingar og almennur áhugi að hafa þær oft. Vísað til frekari vinnu í komandi stjórn.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Kosning heiðursformanns.

Engin tillaga

13. Önnur mál

Tryggvi Gunnarsson hrósar JSÍ fyrir rekstrarniðurstöðu og aukna fagmennska, Guðmundur Stefán Gunnarsson tekur undir og bætir við hrósi fyrir störf Jón Þórs Þórarinssonar landsliðsþjálfara. Tekið undir með lófataki.

Garðar Skaptason bendir á að fleiri en afreksmenn stundi Júdó og biður um að þeir verði hafðir í huga við útbreiðslu og fleira. Tekið undir með lófataki.

14. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara

Tillaga stjórnar, Jón Egilsson, Haraldur Baldursson, Gísli Jón Magnússon, (til vara, Tryggvi Þór Gunnarsson, Víkingur Þór Víkingsson, Daníel Reynisson).

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

15. Kosnir 3 menn í dómaranefnd og 3 til vara

Tillaga stjórnar, Jón Kristinn Sigurðsson, Sævar Sigursteinsson, Björn Sigurðarson (til vara, Kjartan Magnússon, Jón Þór Þórarinsson, Yoshihiko Iura).

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

16. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing

Ekki rætt, næsta þing 2018.

17. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og endurskoðenda

Tillaga stjórnar, Til endurkjörs í aðalstjórn eru Birkir Hrafn Jóakimsson og Jón Hlíðar Guðjónsson.

Gunnar Gústav Logason gefur einnig kost á sér.

Menn sem eru í framboði kynna sig.

Kosið milli Birkis, Jóns og Gunnars, fornöfn nægja á kjörseðil.

Niðurstaða kosningar:

Birkir Hrafn: 21

Gunnar Gústav: 5

Jón Hlíðar: 16

Jón Hlíðar og Birkir Hrafn teljast því réttkjörnir.

Formaður kosinn sér, Jóhann Másson í framboði til endurkjörs. Kosinn með lófataki.

Tillaga stjórnar að varamönnum eru Tryggvi Þór Gunnarsson, Hjördís Erna Ólafsdóttir, Anna Soffía Víkingsdóttir.

Engin mótframboð og því réttkjörin.

Skoðunarmenn reikninga Runólfur Gunnlaugsson og Gísli Jón Magnússon til vara.

18. Þingi slitið af formanni JSÍ kl. 13:00